

7. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 27, 27. júní 1921, um aukatekjur rikissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1931.)

1. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa, vöruskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, sem skipin eiga að fá hér á landi, skal greiða kr. 1,25 af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $\frac{1}{2}$ smálest eða þar yfir ber að telja heila smálest, en sleppa því sem er minna en $\frac{1}{2}$ smálest. Gjald þetta skal greiða á hinni fyrstu höfn á landinu, er skipið tekur, til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki í land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni og skal þá eigi greiða gjald á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða kr. 1,25 gjald af hverri smálest á fyrstu höfn er þau taka, þó ekki nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða skulu greiða 65 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Út af því að millipinganefndin í tolla- og skattamálum lagði það til í frumvarpi sínu til tollaga, sem lagt verður fyrir Alþingi, að lögín um gengisviðauka séu úr gildi felld, en í þeim lögum er meðal annars heimilað, að innheimta afgreiðslugjöld af aðkomuskipum, samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna nr. 27, 27. júní 1921, með gengisviðauka, hefir meiri hluti millipinganefndar samið og sent fjármálaráðuneytinu frumvarp til laga um breyting á téðri grein aukatekjulaganna. Í greinargerð sinni við frumvarpið segir nefndin þetta:

„Gengisviðaukinn, sem lögleiddur var með lögum nr. 2, 27. marz 1924, náði til afgreiðslugjalda skipa, sem greiðast eiga samkv. 54. gr. aukatekjulaganna og með því að lagt er til í tollafrv. frá nefndinni, að hin fyrnefndu lög verði úr gildi numin, en það hinvegar þykir ekki fært, að rýra tekjur rikissjóðs af gjöldum þessum, hefir sama ráð verið tekið um afgreiðslugjaldið og tollana, að hækka það, sem svarar gengisviðaukanum. Þó skal það tekið fram, að frumv. þetta gerir ráð fyrir, að gjaldið af smálest útlendra skipa, annara en danskra verði 65 au., en það er nú að meðtöldum gengisviðauka 63 au. Að öðru leyti felur frumv. ekki í sér neinar breytingar frá því sem nú er“.

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, er alveg samhljóða frumvarpi millipinganefndarinnar. Þess skal getið, að mismuninum milli gjaldsins af dönskum og öðrum útlendum fiskiskipum er haldið í frumvarpinu eins og í núgildandi lögum vegna ákvæðanna í 6. gr. 4. mgr. sambandslaga nr. 39, 30. nóvbr. 1918, enda mun afgreiðslugjaldið af dönskum fiskiskipum hafa á sínum tíma verið ákveðið í aukatekjulögum með hliðsjón af því, að það væri sambærilegt við lestagjaldið af íslenskum fiskiskipum, og þrátt fyrir mismuninn á afgreiðslugjaldinu verða dönsk fiskiskip sízt ver sett að því er skipagjöld yfirleitt snertir en önnur útlend fiskiskip, því vegna nefndra ákvæða í sambandslögum greiða dönsku fiskiskipin vitagjald hér aðeins einu sinni á ári, en þau útlendu í hvert sinn, er þau koma hingað frá útlöndum, enda koma dönsku fiskiskipin, sérstaklega þau færeysku, hingað frá útlöndum venjulega oftar en einu sinni á ári.